

1862.

12. septembr.

## 55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi.

Eptir þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar út af bænarskrá frá alþingi, er haldið var árið 1861, hefir hans háttign konungurinn 29. f. m. allramildilegast úrskurðað á þessa leið:

1. að þangaðtil öðruvísi verður ákveðið megi á ári hverju verja 600 ríkisdöllum úr hinum íslenska læknasjóði til kennslu í læknisfræði hjá landlækni í Reykjavík, og að kennsla þessi skuli vera fyrir þá menn, sem útskrifaðir eru úr hinum lærða skóla í Reykjavík.
2. að dómsmálastjórnin, eptir að hafa fengið um það efni álit hins konunglega heilbrigðisráðs, skuli hafa vald til að ákveða nákvæmar, hversu yfirgripsmikil kennsla sú skuli vera, sem hlutaðeigendur eigi að fá hjá landlækni.
3. að haldið skuli opinbert próf yfir þeim, er notið hafa kennslu þessarar, og skuli dómsmálastjórnin hafa vald til að skipa fyrir um prófið, eptir að hún er búin að semja um það efni við kirkju- og kennslustjórnina.
4. að þeir, sem staðizt hafa próf þetta, skuli hafa lækningaleyfi á Íslandi og geta orðið þar héraðslæknar.

Um leið og þetta er kunngjört yður, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, skal því við bætt, að samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. grein í konungsúrskurði þeim, sem að ofan er til færður, er farið að skrifast á við hið konunglega heilbrigðisráð um það, hve yfirgripsmikil kennslan eigi að vera hjá landlækni.

13. septembr.

## 56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

Í bréfi 31. júlím. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, hverjar ráðstafanir þér hafið gjört vegna þess, að kláðasýkin í vetur er leið hefir gjört vart við sig í fê á 3 bæj-